

## 22. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 13.02.2017 kl 16:30

Mætt eru: Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson og Sveinn Hreiðar Jensson.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi.

1. Sorphirðudagatal
2. Plastpoka laust sveitarfélag
3. Láglandislandvörður í Skaftárhreppi
4. Upplýsingaskilti á áningarstaði í Skaftárhreppi
4. Önnur mál

Jóna Björk formaður setur fundinn.

1. Sorphirðudagatal

Formanni falið að hafa samband við Íslenska Gámafélagið um samstarf við útgáfu á nýju sorphirðudagatali. Leitast verður eftir því að Íslenska Gámafélagið greiði fyrir útprentun dagatalsins en sveitarfélagið sjái um dreifingu þess.

2. Plastpoka laust sveitarfélag

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd hvetur íbúa til að nota fjölnota burðarpoka í meira mæli til að stuðla að minni plast notkun. Haft verður samband við fyrirtæki í sveitarfélaginu varðandi þetta mál og fjölpóstur sendur til íbúa með hvatningu. Í Fjölpóstinum verður jafnframt minnt á væntanlegt hreinsunaráttak í sveitarfélaginu líkt og var í fyrrasumar.

3. Láglandislandvörður í Skaftárhreppi

Formaður Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar hefur send bréf til Umhverfisráðuneytins og ítrekað þörf fyrir láglandislandisvörslu í Skaftárhreppi. Jafnframt var málið reifað á fundi með alþingismönnum Suðurkjördæmis sem haldinn var á Kirkjubæjarstofu 13.2.2017.

4. Upplýsingaskilti á áningarstaði í Skaftárhreppi

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd mun óska eftir samtali við Vegagerðin, Frið og Frumkrafta og Kötlu Jarðvang varðandi samræmingu á upplýsingaskiltum á áningarstöðum sveitarfélagsins.

5. Önnur mál

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd vill skoða möguleika á hreinsunaráttaks meðfram vegum sveitarfélagsins í samstarfi við grunnskólan og eða frjáls félagasamtök. Leitað verður að styrkjum til verkefnisins. En huga þarf að öryggismálum ef þetta verður að veruleika, sér í lagi í kringum þjóðveg 1 sökum mikillar umferðar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundargerð ritaði Sveinn Jensson.